

Sp.

724. Fyrirspurn

[393. mál]

til landbúnaðarráðherra um stuðning við loðdýrabændur.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Helga Seljan.

Til hvaða aðgerða ætla stjórnvöld að grípa til stuðnings loðdýrabændum vegna verðfalls á skinnum og annarra erfiðleika?

Hefur verið athugað í því sambandi:

1. að fresta greiðslu vaxta og afborgana af lánum frá Stofnlánadeild landbúnaðarins,
2. að leiðrétta gengismun vegna afurðalána og breyta afurðalánaskuldum í föst lán,
3. að koma upp verðjöfnunarsjóði vegna sveiflna á afurðaverði,
4. að greiða ríkisframlög út á loðdýrahús sem byggð voru fyrir 1985,
5. að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld vegna loðdýrahúsa sem byggð voru fyrir 1985?